

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-122-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

25.02.2021 / 10:00 – 12:00

NR. FUNDAR

122

VERKHEITI

122. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

1. Kynning á Hagrænu mati.
2. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IJB / 12.03.2021

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

Fjarfundur

FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)

Fjarfundur

FYRIRTÆKI

Landsnet

Benedikt Einarsson (BE)

Fjarfundur

Veitur

Egill Sigmundsson (ES)

Fjarfundur

HS-Veitur

Kjartan Rolf Árnason (KRA)

Fjarfundur

RARIK

Rán Jónsdóttir (RJ)

Fjarfundur

Orkustofnun

Ragnar Emilsson (RE)

Fjarfundur

Orkubú Vestfjarða

Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)

Fjarfundur

EFLA

Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)

Fjarfundur

EFLA

Haukur Ásberg Hilmarsson (HÁH)

Fjarfundur

EFLA

Jón Skaptason (JS)

Fjarfundur

Landsnet

Arnbjörg Arnardóttir (AA)

Fjarfundur

Landsnet

FJARVERANDI

Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)

FYRIRTÆKI

Norðurorka

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

NÆSTI FUNDUR

29.04.2021 / 10:00

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

ÁBYRGÐ / ÁKVÖRDUN

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn sem fjarfundur í Teams.

Áður en farið var í dagskrá fundarins nefndi IJB að GHG hefur látið af störfum hjá Norðurorku.

1. Kynning á Hagrænu mati.

HÁH fór yfir verkefnið um endurskoðun á kostnaðarmati vegna kostnaðar vegna skorts, sem var skipt í fjóra áfanga. Á síðasta ári var unnið að áfanga 1 (stóriðja) og áfanga 2 (heimili). Í ár verður unnið að áfanga 3, Spurningakönnun meðal fyrirtækja og áfanga 4, Tengja saman atvinnugreina- og notkunarflokka á nýjan hátt.

Áfangi 3, Spurningakönnun meðal fyrirtækja

Byggt verður á norski könnun, sem var með um 60-70 spurningum en þar var einnig spurt um spennugæði sem verður sleppt hjá okkur. Reynsla Norðmanna er að töluverð eftirfylgni þurfti til að hæfilegt svarhlutfall næðist.

Spurningarkönnun meðal fyrirtækja er afmörkuð við fjóra hópa: Matvælaíðnaður, upplýsingatækni, smásala og opinber þjónusta.

Efla hefur átt fund með Gallup um framkvæmd könnunar, og er hafa þeir áhyggjur af svörum og það þurfi sérkunnáttu í eftirfylgni með könnunni.

Umræður voru um framkvæmd könnunar og hugsanlegar útfærslur. Samþykkt var að Efla myndi ræða við Gallup um samstarf við gerð könnunar og kostnað. Niðurstöður þessarar viðræðna yrði kynnt hópnum til ákvörðunar um frekara framhald könnunar.

Áfangi 4, Tengja saman atvinnugreina- og notkunarflokka á nýjan hátt

HÁH fór yfir tengingu atvinnugreinaflokka Hagstofu og notkunarflokka raforku. Frá því að kostnaður var fyrst reiknaður með þessari aðferð hefur orðið þróun í atvinnugreinaflokkun og notkunarflokku raforku. Fyrir suma flokka passa flokkarnir vel saman. Fyrir aðra t.d. minni framleiðslustarfsemi og þjónustustarfsemi passa flokkarnir ekki jafn vel saman.

Til að bæta niðurstöðurnar er lagt til

- 1) að iðnaður án stóriðju væri brotin niður í byggingar-, matvæla- og annar iðnaður. Síðan ætti „Verslun og viðskipti“ að heita „Verslun og þjónusta“.
- 2) að fá sérvinnslu frá Hagstofu til að fá nákvæmari upplýsingar um vinnsluvirði fyrir eftirtalda atvinnugreinaflokka:
 - a) C10-12 Matvæla og drykkjarvöruframleiðsla
 - b) C23-25 Framleiðsla málma, málmvörur og málmlausum steinefnum
 - c) J58-63 Útgáfustarfsemi, fjarskipti og þjónusta og starfsemi á sviði upplýsingatækni
- 3) hvort bæta mætti flokkun notkunarflokka raforku hjá dreifiveitum. T.d. er 25% notkun til endanlegra notenda hjá Veitum skráð á notkunarflokk 1670 Önnur þjónusta.

Samþykkt var að vinna eftir þessum tillögum.

2. Önnur mál

RS opnaði umræðum um skráningu á truflun þegar rofið áлага verður neikvætt í tilviki Landsnets, þegar vinnsluaðili sem tengist dreifikerfinu hættir framleiðslu í kjölfar truflunar. Í slíkum tilvikum hefur Landsnet skráð enga skerðingu.

KRÁ nefndi að þeir meta skerðingu eftir notkun hjá notanda. Hann tekur undir það að þetta sé vaxandi vandamál. Virkjanir sem tengjast inn á dreifikerfi RARIK afhenda um 350 GWh á ári.

Nokkrar umræður voru um þetta atriði og skráningarskyldu vinnsluaðila.

AA spurði um endurskoðun á handbók. KR svara að hún er í vinnslu.

KRÁ spyr hvernig meðhöndla eigi notanda sem hættir að vera til staðar eftir náttúruhamfarir, tekur dæmi frá Seyðisfirði. Lagt til að vera með dæmi um slíkt tilvik í handbók.

KR nefnir hvort einfalda mætti skráningu og hvort það eru einhver atriði sem ekki eru notuð, nefnir hvort rof sé handvirkt eða sjálfvirkt.

Næsti fundur er 29. apríl, kl. 10.